

Stöðnun í ríkisfjármálum - gjaldtaka á sjúklinga

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs vill koma á framfæri við fjölmiðla og almenning fyrstu viðbrögðum sínum við fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í dag.

Stöðnun í ríkisfjármálum

Með fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er ljóst að horfið hefur verið frá árangursríkri stefnu fyrri ríkisstjórnar í ríkisfjármálum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fylgja nánast hreinræktaðri niðurskurðarstefnu sem reynsla undanfarinna ára í Evrópu hefur sýnt að gerir illt verra. Fjárlagafrumvarpið gerir ekki ráð fyrir raunverulegum afgangi af rekstri ríkissjóðs á næstu þremur árum. Ekkert svigrúm verður því til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs og enn síður til þess að hefja nauðsynlega uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu, menntakerfinu og innviðum samfélagsins.

Það markmið að skila rekstri ríkissjóðs með 500 milljóna króna afgangi byggist á veikum grunni. Frumvarpið gerir ráð fyrir 10,6 ma.kr. tekjum af sköttum sem falla eiga niður árið 2015, auðlegðarskatti (9,4 ma.kr.) og orkuskatti (1,2 ma.kr.). Til viðbótar gerir frumvarpið ráð fyrir 10 ma.kr. vaxtatekjum frá Seðlabanka Íslands sem jafngildir því að færa tekjur úr einum vasa í annan. Á sumarþingi afsalaði ríkisstjórnin ríkissjóði 10 ma.kr. tekjum á ársgrundvelli með lækkun veiðigjalds og virðisaukaskatts á gistingu sem fjárlagafrumvarpið sýnir nú að er ávísun á vaxandi erfiðleika í ríkisbúskapnum. Við blasir stöðnun í ríkisfjármálum næstu þrjú ár.

Fjárfestingar slegnar af

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir verulegum samdrætti á opinberum fjárfestingum sem teknar voru að aukast á ný frá árinu 2012 eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki. Þar kemur fram að hætt verður við stórar byggingarframkvæmdir eða þeim frestað. Að auki staðfestir fjárlagafrumvarpið að ríkisstjórnin hefur horfið frá þeim áherslum fyrri ríkisstjórnar að auka fjölbreytni og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Frumvarpið gerir ráð fyrir miklum niðurskurði á framlögum til rannsókna og tækniþróunar og stuðningi við ferðaþjónustu og hinar skapandi greinar. Að auki er dregið úr sérstökum stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki sem skipt hefur sköpum á undanförunum árum og sóknaráætlanir landshlutanna slegnar af.

Niðurskurður fjármagnaður með gjaldtöku

Fjárlagafrumvarpið boðar niðurskurð að nýju í heilbrigðiskerfinu. Þann niðurskurð ætlar ríkisstjórnin að sækja beint í vasa sjúklinga með því að innleiða sjúklingaskatta í formi legugjalda uppá vel á þriðja hundrað m.kr. Slíkt mun ávallt bitna á þeim sem lakast standa í samfélaginu. Þá felst í frumvarpinu að viðbótar fjárveiting til tækjakaupa á LSH og SA sem fyrri ríkisstjórn beitti sér fyrir í ár verður þurrkuð út, niðurskurður uppá 650 m.kr.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar græns-framboðs.